

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttá og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Dalvíkurbyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Dalvíkurbyggð í umboði sveitarstjóra innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling innan byggingarreits, lögboðið byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Afgreiðslugjald, kr.</i>	<i>Fermetragjald, kr.</i>
A Íbúðarhúsnæði, bílgeymslur og gistihús	101.738	254
B Stofnanir, verslunar- og þjónustuhús	101.738	129
C Frístundahús	76.303	254
D Gripahús, iðnaðarhús og sérbyggðar bílgeymslur	76.303	100
E Vélageymslur, gróðurhús og loðdýrahús	76.303	65
F Aðstöðuhús, geymslur, gestahús og sambærilegt	38.152	254

Vegna viðbyggingar við áður byggð hús skal greiða kr. 38.152 afgreiðslugjald og fermetragjald samkvæmt töflu um viðeigandi hús.

3. gr.

Fermetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttóflatarmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Fermetra skal námunda í heilan fermetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er áður en byggingaframkvæmdir hefjast. Gjalddagi fermetragjalds er áður en byggingaframkvæmdir hefjast. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

5. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

6. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Dalvíkurbyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Dalvíkurbyggð í umboði sveitarstjóra innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

Nr.	Tegund þjónustu	Gjald kr.
1.	Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar	2.484
2.	Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári	
	a) Hjólhýsi o.þ.h.	30.141
	b) Gámar:	
	allt að 20 fetum að stærð	15.260
	40 fet að stærð	30.521
3.	Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins	100.000
4.	Yfirferð eignaskiptalýsingar	Samkvæmt gjaldskrá Þjóðskrár hverju sinni
5.	Umsögn vegna vínveitinga- og rekstrarleyfa	10.353
6.	Fyrir húsaleiguúttekt	10.353
7.	Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	10.353
8.	Útrentun á A3	126
9.	Útrentun á A4	64
10.	Nýr lóðarleigusamningur	51.771
11.	Breytingar á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	20.346
12.	Endurskoðun aðaluppdráttar	18.082
13.	Minniháttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	19.081
14.	Framkvæmdaleyfi	34.186
15.	Endurnýjun leyfis án breytinga	13.564
16.	Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi, aðkeypt vinna	Skv. reikningi
17.	Veruleg eða óveruleg breyting á aðalskipulagi, aðkeypt vinna	Skv. reikningi
18.	Þinglýsing lóðarleigusamninga	Skv. reikningi

8. gr.

Gjaldskráin uppreiknaðist til hækkunar um 2,7% samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar að hausti 2020.

9. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2021. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar nr. 1320/2019 úr gildi.

Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar 2. október 2020 og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 24. nóvember 2020.

Dalvík, 23. desember 2020.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri.